

122  
23. nóv.

## Framhaldsreglur

og leiðbeiningar um sölu og útflutning á fiski.

(Tilkynning nr. 10 frá Útflutningsnefndinni).

Til þess að gera eigendum eftirstöðvanna af þessa árs framleiðslu, sem umfram er söluna til fulltrúa Bandamanna, jöfnuð á móts við seljendur, sem þegar hafa fengið greiðslu, og til þess jafnframt að þurfa eigi að flýta sölu þessara eftirstöðva um of, hefur Útflutningsnefndin leitast við að fá peningalán, með fulltingi landsstjórnarinnar, til þess að geta greitt framleiðendum fiskverðið á sama hátt og áður. Þetta er nú loks komið í það horf, að nefndin setur eftirfylgjandi framhaldsreglur.

### 1. gr.

Fiskurinn verður reikningsfærður með sama verði og sá fiskur, er fór til Bandamanna, þar af greiðir nefndin, með samsvarandi fresti, 70% eftir því sem bankarnir hafa peningaráð til.

### 2. gr.

Hinn hluta fiskverðsins, eða 30%, geta þeir seljendur, er þess óska, fengið jafnframt á þann hátt, að þeir gefi út vixla fyrir upphæðinni, er Útflutningsnefndin samþykkir og greiðir forvexti af, en bankarnir síðan væntanlega kaupa. Verði fiskurinn eigi seldur, eða næglega mikið af honum, til þess að andvirðið hrökkvi til greiðslu þessum vixlum á gjalddaga, er útgefendum þeirra skylt að gefa út framlengingarvixla eftir þörfum, með sama fyrirkomulagi og hina, enda gengur hið fyrsta, er nefndin fær inn af andvirði fiskjarins, til lúkn-  
ingar þessum hluta fiskverðsins.

### 3. gr.

Það sem nefndin þar næst fær inn fyrir fiskinn, gengur til lúkn-  
ingar þeim lánum, sem nefndin með fulltingi landstjórnarinnar, hefir tekið samkvæmt 1. grein.

## 4. gr.

122  
23. nóv.

Seljst fiskuriunn hærra verði til jafnaðar, en reikningsfært er, samkvæmt 1. gr., fer um þann afgang svo sem fyrir er mælt í tilkynningu nr. 5., 11. gr. Fari svo ólíklega, að fiskurinn nái eigi því verði til jafnaðar, fer um það eftir fyrir mælum sömu greinar.

## 5. gr.

Útflutningsnefndin veitir fiskinum móttöku á þessum höfnum:

Reykjavík,	Akureyri,
Hafnarfirði,	Seyðisfirði,
Patreksfirði,	Norðfirði,
Bildudal,	Eskifirði,
Þingeyri við Dýrafjörð,	Fáskrúðsfirði,
Ísafjarðarkaupstað,	Vestmannaeyjum,

Eftir samkomulagi við nefndina getur komið til greina um fleiri hafnir, ef þar er svo mikill fiskur, og aðrar kringumstæður leyfa, að nefndin geti komið til leiðar fermingu þar beint til útlanda.

Sje þar á móti á einhverri af ofantöldum höfnum svo lítið fiskmagn, eða aðrar ástæður valda því að ferming þaðan til útlanda getur eigi átt sjer stað, áskilur nefndin, að seljendur annist flutning á fiskinum til annarar hafnar, er nefndin þá til tekur.

## 6. gr.

Um geymslu fiskjarins og vátryggingu, um pökkun hans og flutning í skip, svo og um opinber gjöld af fiskinum, gilda allar sömu reglur sem um fiskinn til Bandamanna, sbr. tilkynningar nr. 1 og nr. 5.

## 7. gr.

Peir, sem þegar hafa gert framboð til Útflutningsnefndar um fisk sinn, eiga aðgang að fiskverðinu, samkvæmt framansögðu, jafnóðum og sá frestur er útrunninn, sem áður hefir gilt, frá því að mats- og vigtarvottorð eru komin til nefndarinnar.

## 8. gr.

Til þess að Útflutningsnefndin hafi sem fyrst glöggt yfirlit yfir fiskeftirstöðvarnar, er nauðsynlegt að henni sje tafarlaust sent framboð á öllum fiski, sem til er af þessa árs framleiðslu, og eigi er þegar framboðinn, og sje fiskurinn tilgreindur eftir ásigkomulagi, þannig:

- 122**  
23. nóv.
- a. Fullverkaður fiskur.
  - b. Fiskur, sem kominn er talsvert áleiðis til fullverkunar, en eigi er lokið verkun á. Fylgi hverri tilkynningu um hann vottorð matsmanna um það, á hverju verkunarstigi hann er. Fer þá um móttöku á honum og greiðslu verðs eftir samkomulagi við nefndina.
  - c. Fiskur í salti sem legið hefir 28 daga eða lengur.
  - d. Fiskur í salti sem legið hefir skemri tíma.

Þann fisk, sem síðar aflast fram til ársloka, skal tilkynna nefndinni um í síðasta lagi 15. janúar næstkomandi.

Jafnskjótt og fiskurinn er hæfur til mats, skal hann þegar metinn og hin ákveðnu skjöl um vigt og mat sendast nefndinni. Fer þá um greiðslu fiskverðsins svo sem að framan er mælt, sbr. einnig tilkynningar nefndarinnar, nr. 1 og nr. 5.

Reykjavík, 20. nóvember 1918.

*Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.*

**123**  
20. nóv.

## Auglýsing

um tilboð í eftirstöðvar af þessa árs framleiðslu af fiski.

Frá Útflutningsnefndinni.

Með því að ýmsir hafa farið þess á leit að fá tækifæri til að gera tilboð í eftirstöðvar þær af þessa árs fiskframleiðslu, sem umfram verður söluna til fulltrúa Bandamanna, og sumir jafnvel að fá ákveðið fiskmagn á hendina, til þess að útvega kaupendur að, þá hefir Útflutningsnefndin ákveðið að gefa sem flestum tækifæri til að geta komið til greina við kaup á fiskinum, eftir því sem um getur samist.